


# Kennslustund 3 - Ráð og verkefni



## DaDOM netþjálfun fyrir kennara

### Ráð:

Einn af kennurum okkar í Litháen byrjaði þessa kennslustund með því að spila ljúft en áheyrilegt hljóð úr tölvunni sinni. Hann benti ekki á það, heldur beið eftir að sjá hvort það myndi vekja viðbrögð frá nemendum. Eftir smá stund spurði nemandi hvað þetta truflandi hljóð væri og hvort það mætti slökkva á því. Þetta var frábær leið til að kynna hugmyndina um óæskileg umhverfishljóð.



### Verkefni 1: Þögn og hlustun

Tilgangur: Að auka meðvitund nemenda um hljóðumhverfi sitt og greina á milli þægilegra og truflandi hljóða.

- Í byrjun kennslustundarinnar skaltu biðja nemendur um að taka þátt í 3 mínútna þagnaræfingu.
- Segðu þeim að loka augunum til að útiloka sjónræna truflun.
- Á meðan á þögninni stendur eiga nemendur að einbeita sér að því að greina öll hljóð sem þeir heyra í nánasta umhverfi sínu.
- Hvetjið þá til að velta því fyrir sér hvort hljóðin séu róandi eða truflandi.
- Eftir þögnina skaltu stjórna umræðu þar sem nemendur deila reynslu sinni.

## Verkefni 2: Nemendur kanna hljóðvist á skapandi hátt

Tilgangur: Að virkja nemendur á skapandi hátt til að kanna og skrásetja hljóðvist skólans.

- Skiptu nemendum upp í litla hópa (fjórir í hverjum hóp) og láttu þá hafa farsíma eða önnur tæki sem geta tekið upp hljóð.
- Úthlutaðu hverjum hópi mismunandi svæði skólans til að kanna hljóðvist og taka upp fjölbreytt hljóð. Þetta getur verið allt frá samskiptum á göngum skólans, hurðum sem lokast, fótatak, hljóð frá tækjum eða útihljóða nálægt gluggum.
- Með því að nota einföld klippingartól eins og CapCut eða Movavi geta nemendur búið til eina hljóðsamsetningu eða stutt tónverk úr upptökum sínum.